



**Kennari: Sigrún Ína Ásbergisdóttir**

**Skammstöfun: SIA**

### Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um sögu og hugmyndafræði hjúkrunar. Kynnt eru lög og reglugerðir sem lúta að heilbrigðisþjónustu á Íslandi, siðareglur sjúkraliða og hvað felst í hugtakinu fagmennska. Fjallað er um umhyggjuhugtakið, andlegar, líkamlegar og félagslegar þarfir skjólstæðinga. Fjallað er um þætti sem hafa áhrif á líðan og breytingar á líkamsstarfsemi. Auk þess er fjallað um umönnum skjólstæðinga og þætti sem hafa áhrif á sjálfsmönnum.

### Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Sögu og þróun hjúkrunar og þeirri hugmyndafræði sem hjúkrunarstörf byggjast á.
- Helstu skipulagsformum hjúkrunar.
- Umhyggjuhugtakinu.
- Siðareglum sjúkraliða.
- Réttindum skjólstæðinga skv. lögum.
- Mikilvægi skráninga og athugana í hjúkrun.
- Grunnþörfum mannsins og frávikum frá þeim.
- Mikilvægi svefns og hvíldar.
- Áhrifum verkja á skjólstæðing.
- Fylgikvillum rúmlegu.
- Nánasta umhverfi skjólstæðings.

### Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Miðla sögu og hugmyndafræði hjúkrunar.
- Rökstyðja mikilvægi þagnarskyldu og trúnaðar í samskiptum við skjólstæðing.
- Geta tjáð sig um andlegar, líkamlegar og félagslegar þarfir skjólstæðinga.
- Skrá niðurstöður athugana og mælinga á viðurkenndan hátt.
- Fylgja leiðbeiningum í þeim tilgangi að bæta líðan skjólstæðings.
- Útskýra mikilvægi þess að umgangast nánasta umhverfi skjólstæðings af virðingu.
- Fyrirbyggja fylgikvilla rúmlegu.
- Taka þátt í samræðum um líðan skjólstæðings.
- Sýna faglega umhyggju.

### **Hæfniviðmið:**

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Tengja sögu og hugmyndafræði hjúkrunar við hjúkrunarstörf.
- Geta útskýrt tengsl andlegs, líkamlegs og félagslegs ástands skjólstæðings við hjúkrunarþarfir hans.
- Taka á móti skjólstæðingi á faglegan hátt.
- Gera grein fyrir ábyrgð sjúkraliða í hjúkrun.
- Eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti og samstarf við skjólstæðinga og samstarfsfólk.
- Sýna fagmennsku í orði og verki.

### **Námsefni:**

- Hjúkrun 1. þrep. Almenn hjúkrun. HJÚ ritröðin.
- Efni frá kennara.

### **Áætlun um yfirferð:**

Vika 1	Kafla 1. Frá heimilum til hátæknispítala. Kafla 2. Umönnun og sjálfsumönnun.
Vika 2	Kafla 3. Þarfir. Kafla 4. Skilningarvitin.
Vika 3	Kafla 5. Húðin.
Vika 4	Kafla 6. Hreyfing.
Vika 5	Kafla 7. Öndun.
Vika 6	Kafla 8. Hjarta- og æðakerfið.
Vika 7	Kafla 9. Vökvi. Kafla 10. Melting.
Vika 8	Kafla 11. Þvaglát.
Vika 9	Kafla 12. Svefn.
Vika 10	Kafla 13. Verkir.
Vika 11	Kafla 14. Líkamshiti.
Vika 12	Kafla 15. Líknameðferð og líknandi hjúkrun.
Vika 13	Kafla 16. Samskipti. Kafla 17. Norm, gildi og siðfræði.
Vika 14	Kafla 18. Samstarf. Kafla 19. Skráning.
Vika 15	Upprifjun.

### **Námsmat og sérreglur:**

Verkefnavinna í tímum og heima (30%) og lokapróf (70%). Til þess að öðlast próftökurétt skilar nemandi verkefnum á umsömdum skiladegi með lágmarkseinkunn 5,0 (að meðaltali). Mæting skal vera innan marka mætingareglna skólans.

**Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.**